ÖRNEFNASTOFNUN 12. jan. 1970

Örnefni á Felli í Mýrdal,
sem Eyjólfur Guðmundsson á Hvoli skráði.

1. Fellsfjall, 2. Fellsheiði, 3 Fellsmýri, 4. Fellstún, (Gamlafellstún) 5. Högnavöllur,
í Fellsfjalli vestan á móti, og allt að Högnavelli, 6 Fellsbrekkur, 7. Brækur, 8. Lambhellisbarð, 9. Moldskurður, 10. Geiratorfa, 11. Langivangi, 12. Geiri, 13. Fjallsendatorfa, 14. Fjárhúsbrekka, 15. Miðbrekkur, 16. Völvureitur, og Völvuleiði, 17. Pálsbrekka, 18. Barð, 19. Slakki, 20. Slakkagil, 21, Bríkur, 22. Sauðaból, 23. Maríulind, 24. Flögin-(mikill uppblástur) 25. Flagtorfa, 26. Fremstihnúkur, 27. Miðhnúkur, 28. Fjallsendahnúkur, 29. Sauðaskarð, (milli Fremsta og Miðhnúks,) 30. Fjallsendi, 31. Fjárgötur, 32. Gonta(skammt frá Þrengslunum er gonta beint ofan í hraunið-) 33. Fjallshryggur, 34. Smáklettar, sunnan til í fjallinu,- 35. Klettaberg, 36. Bæjarhaus,. Í Bæjarhaus eru þessi nöfn, 37. Standhamar, vestast, 38. Slakki, 39. Háhausinn, 40. Ofanferð, 41. Kristínarklettur 42. Stóra Svelti, 43. Bás, 44. Lausagöngur, 45. Hvannstóði, 46. Austur-Hamrar, austan á móti og svo 47. Fýlaklettur, 48. Blessatóg, 49. Snjókambar, 50. Snjókambabrýr, 51. Húðarból, 52. Undirbrýr, 53. Gluggatorfa, 54. Skriður-Bláskriður, 55. Réttarbrekkur, 56. Urðarlág-Urðarleiti, xxxx - Urðarbrekka, Í Fellsheiði austantil- 57. Selgilslækur, 58. Selgil, 59. Seltorfa, 60. Þurragil, 61. Standurinn(milli Þurragils og Selgils) 62. Selgilsfoss, 63. Fossbrekkur, 64. Þurragilsbotn, 65. Selgil fyrir innan foss, 66. Hrosshamrar, ( krosshamrar) Innri og fremmri, 67. Mosakambur, 68. Selgilsbotnar, 69. Skálar, 70. Brókargil, 71. Brókargilshraun,-lækur og -botn, 72. Kringluholt, 73. Kringla,-Landamerkjatorfa milli Fells og Holts, 74. Uppgöngur, 75. Sker-inn að jökli, 76, Hrosshamrabrýr.

Miðheiði og vesturheiði allt vestan Fellsfjalls að Klifanda. 77. Bæjargil, 78. Þrengsli, 79. Berjaklettur, 80. Bólbrekka, 81. Bæjarlækur, 82. Hraun, 83. Hraundalir, 84. Króktorfa, 85. Botnar, 86. Hrafnabjörg, 87. Skjólkambur, 88. Botnabrýr, 89. Skorugil, 90. Botnahraun, 91. Mosalág, 92. Skál, 93. Þagg-gil-(Hrakgil-Þakgil) 94. Þagggilsmýri, 95. Stekkatún, (alltaf nefnt út í Heiði, fyrir vestan,) 96. Þagggilslækur, 97. Einbúi, 98. Butrudalur, 99. Holt, 100. Heiðarhorn, 101. Klifrárgil, 102 Háurof, 103. Geiri, 104. Hryggur milli Þagggils og Klifrárgils, 105. Bríkur, fremst í Klifrárgili, 106. Básar, 107. Fremribrýr, 108. Linghöfði, 109. Sniðgil, 110. Sniðin, 111. Svelti, 112. Miðhamrar, 113. Lambhillunef, 114. Lambhilla, 115. Lambhagi, 116. Bjarnhilla, 117. Bjarnhillubrýr, 118. Fossgil, 119. Fossgilsá, 120. Fossgilsundirbrýr, 121. Foss, 122, Háheiði, (milli Fossgils og Hrosshamra) 123. Lambatungur, (milli Fossgils og

ÖRNEFNASAFN

Klifandá) 124. Rani, 125. Hátúnguhaus, ~~12xáx~~ 126. Miðgil, 127. Sveltishamar, 128. Jökulföll, þar sem áin fellur undan jökulfallinu.
Skjólkambur er horniðx~~þaxxxsaxx~~ vestan við Botna, þar sem farið er upp á há heiðina. Eynbúi er skorinn frá Heiðinni .

Fellsmýri og sléttlendið er nú nær allt eyðilegur grjóteyrafláki. Klifandi hefur brotið þar allt og eyðilagt gróðurríkar sléttur og grasgefna flóðamýri. Þar var á árunum 1882 til 1888 , 1. Utasti-Mói, 2. Enbúafitjar, 3. ~~Hei[illegible]~~ Heima- Mói, 4 . Lækjarbakki, 5 . Dýjamýri, 6. Rauðilækur, 7. Rauðalækjarbakkar, 8. Afföll (syðst í mýrinni) 9. Sléttur, með fram Fellsbrekkum að Högnavelli, lo. Högnavallardý, 11. Lambadý, 12. Rásir, 13. Smiðjumýri, 14. Þrætustykki, 1.Fellstúni, 15. Smiðjuhóll, 16. Flatir, 17. Framtún, 18. Nýjatún, Norðurtún, 19. Hesthústún, 2o. Dagteigur, 21. Reiturinn, 22. Lambhúshóll, 23. Lækjarbakki, 24. Högnavallartún, 25. Pína, 26. Útseta, 27. Högnavallarbrekkur.

ÖRNEFNASAFN

Römmust hjátrú er á Völvureitnum. Hann er ekki sleginn og við Völvuleiðinu má ekki róta. Um þetta er ritað á öðrum stað. Pálsbrekka var líka nefnd Þerribrekka. Í rosatíð reyndist gott að slá hana- það bliknaði aldrei hey í Pálsbrekku. Nú hefur dofnað trúin á þetta, og séð hef ég þar bleikt hey.
Í Linghöfða eru nokkrar skógarhríslur á bekk , þar sem engin skepna kemst að þeim. Ekki má slíta úr þeim anga, né hreifa við þeim, og hefur sú varúð verndað þær til þessa dags.

Skrímsli var í Klifrárgili, og vatnsandi í ánni Klifanda. Huldufólk víða í hömrum og klettum en ekki miklar samgöngur milli þess og Fellsmanna.

Í Smiðjuhólnum eru forn mannvirki, þar átti að vera bænhús til forna og garði kringum það. Högnavöllur var draugabæli áður en þar var byggt, bar á því fram yfir síðustu aldamót.

Meðfram Fellsbrekkum sjást garðar þeir, sem Jón pr. Steingrímsson byggði til varna. En túnin á Gamla Felli farin að mestu í Klifandi.

Líkast er því að niðurfallnir hellrar séu í Hesthúshólnum, djúpar lægðir í réttri línu. Grjótleyfar úr fornum túngarði eru þar í flaginu, sem blæs upp norðan á móti.

Landamerki milli Fells og Péturseyjar eru úr hornvörðu suður í Hafursáraurum þar sem hásteyra af Mófadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni og Reyðarfoss ber undan Leynimýrarkórum. Í þessa vörðu koma saman landamörk Holts, Hvols og Péturseyjar. Var það áður nefnt " í Bolhólma" en sá hólmi löngu síðan horfinn.

Milli Fells og Péturseyjar bein sjónhending úr Bolhólmavörðunni norður Klifandaaura í vörðu, sem stendur í Klifrárgilskjafti. Ræður svo Klifandi merki inn að jökli milli Fells og Eystri-Sólheima.

Landamörk milli Fells og Holts er úr Djúpaskurði bein lína í Landadý - og úr Landadýi í Kringlu, svo ráða hamrabrýr Holtsgils inn að jökli,

Séra Þórður Brynjólfsson 1830- 1838 lét slá Völvureitinn og um haustið hrapaði Sigurður sonur hans þar í Smáklettum og hlaut bana af.

ÖRNEFNASAFN

# Örnefni í Ytri Sólheimaheiði.

Í Yrti Sólheimaheiði, sem nær inn að jökli og jökulfell klýfur í sundur, þar sem Jökulsá kemur undan jökli, er allgott beitiland.

Fyrir vestan Jökulsá eru hálsar þeir, er Hestaþingshálsar heita. Vestar milli þeirra og Eystri Skógaheiði er gil, sem Fjallgil heitir.

Jökulhaus er skriðufell, sem kemur fram undan jöklinum. Að sögn eldri manna var aðeins lítið horn af jökulhausnum sýnilegt um 1850 og um aldamót síðustu aðeins fremsta lögun hans. Síðan hefur jökultanginn dregist ~~xxxx~~ til baka svo nú er fell þetta næsta stórt.

Sængeyjar heita lágir hraunhólar og fitjar milli fjalla framan undir jöklinum, þar er berjamói; og afar forn mun þessi nafngift vera. Jökulsá hefur runnið þar yfir og brotist fram undan jöklinum áfleiri stöðum. Nú í mörg ár fellur hún vestan við Sængeyjar.

Sólheimajökull er jökulfallið nefnt, sem fellur frá aðal jöklinum milli Sólheimaheiðar og Hvítmögu og byrgir síðast fyrir Jökulsár gil, svo Jökulsá rennur þar undir. Þegar jökullinn þrengir að ánni, myndast lón, sem fyllir upp í gilið. Því hærra sem það lón verður má vænta stórkostlegri hleupa í ánni þegar hún nær framrás.

Hvítmaga: Milli jökulfallsins að austan og Jökulsárgils að vestan er fjöllótt heiðlendi, sem heitir Hvítmaga. Það er breiðast inn við sjálfan jökulinn og myndar nær þríhyrning allt fram undir það Sólheimajökull sker það frá Jökulhausnum fyrrnefnda. Er Hvítmaga svo innilokuð af jökli á þrjá vegu. Þar er forn lambabeit fyrir 300 lömb. Þessi kennileiti eru þar.- Austurhausar, fjöll vestan við jökultangann. Skjólkambur, Skjólkambssvelti, Rauði- skriðurunnar hlíðar og sker. Rauðuskriður, Fyrirstaða eða Fyrirstöðubrík.
Skerin - inn við jökul (~~sífellt vaxandi land~~)
Vesturgil, Rani, Ranagil, Þvergil, Danskhaus - Danshaus?
Máfabyggðir. Munnmæli segja að Hvítmaga væri mest öll í jökli fyr á öldum. Sveinn Pálsson í Vík d. 1840 nefnir hana "Grémögu" Ekki hefur það nafn heyrst annarsstaðar.

Austan falljökulsins er Sólheimaheiðiinnan frá Mýrdalsjökli og fram að Sólheimasandi.- Ystheiði er þar vestast, og þar gott beitiland.

Loðmundarsæti er þar móti vestri, fallegar grasbrekkur með hamrakórónu, þar sat Loðmundur er hann veitti Jökulsá af Sólheimalandi og beitti henni á Þrasa í Skógum.

Barð, Millibarða, Ystagil, Hrossatungur, þaðan er Hrossatunguvegur á jökul. Selheiði, Kálfaskógur, Hólsárgil, Gjögur.

Heimaheiði, Hvanngil, Guðnagil, Þórunnarsel, Yllagata, Skógarmannahóll, Margrétarnef, Víðidalur, Alviðra - þar er réttin. Koltungur, Borgartorfa, Fagriflötur, Smágil, Steinsholt, Asnastaðir, Gulltorfuflötur, Langidalur innri og fremmri, Lingholar, Drangagil, Skjappir - hólmyndaðar hæðir. Þrælasteinar, Arnardalir innri og fremmri, Sjónarhóll, Vellir, Lakaland, Lakalandsgil, Lakaþúfugil, Lakaþúfa, Lambaskarð, Skriður, Brattafönn, Jökulvegur í Hvítmögu, Norðrárgil, Skessugil, ~~Skessuhellir~~ Skessuhellir, Húsagil, Millihrauna, Gamlaból, Þórarinshöfuð, Böðvarsmói,

Sólheimanes, slægjur, Viðhólsmýri, Skinnagarður, ~~Xxxxxxx~~ Viðholtslág, Kvíjadalur, Sniðholt, Dagmálaskarð, Torfadalur, Langidalur, Móludalur, Botnar, Húsholt, Hundadalur, Skákar, Kirkjubrekka, Össurmýri, Gleraugu, Gjóta, Gjótujaðar, Fríðulág, Hölur, Nónnes, Syðri Langidalur, Bæjarstaður eystri, Bæjarstaður vestri, Loðmundarleiði, Torfmýri, Torfholt, Álfabrekkur, Hrossaskjóldalur, Hellraskarð, Hellnahóll, Prestapollur, Loftsbrekkur, Grafríðarleiði, Fiskihóll, Akurtorfa, Merkigil, Nónnes,

Álfalág fram með Álfabrekkum má ekki slá nema að slysi verði. Hölulækur, oftast nefndur Halalækur, rennur austan við Sólheimanes og í Hússá sunnan við Hellnhól. Í hann falla Skógargilslækur á Eystri Sólheimum og bæjargilslækurinn. En hann kemur úr Merkigili.

ÖRNEFNASAFN

Sléttlendið þar sem Klifandi hefur farið yfir víðast, fyr og síðar, nú alt í uppgróðri - þar eru : Bugar fram með jaðri Sólheimasands, Hölulækur, Krókvöllur austur frá Merkigili, Sólheimavöllur, Merkiaur, Sandlágar, Hólsstaðir?

Á Sólheimasandi: Jökulsáraurar, Jökulsáralda, Stóraskarð, Skeiðgróf, Hólsáraurar, Sængurkonusteinn, Hólsáralda,

Vöð á Jökulsá: Fjöruvaðí við Stórusteina, Sjóvegsvað, Sólheimavegarvað, Þegar áin var xxxxx vatnslítil var hún riðin hvar helzt, sem að henni var komið.

Örnefni í Hafursey á Mýrdalssandi.

Eftir sögn Hallgríms Bjarnasonar Suður Hvammi.

Jón Einarsson, ættaður frá Fjósum, var byrjaður að byggja í Hafursey 1820 þar sjást rústir. Hjörleifshöfði á land í hafursey og sandinn þar á milli.

Hæðst ber Skálarfjall, Mosaland, vestan í Skálarfjalli, Vonduflár í Mosalandi, Skálar framan í móti, Kúðagil eða Skriðugil? þar niður af, Hofgil, Kurl norðan vert undir Eynni. Fláar í landnorðurhorni, Sandskora austan á móti, Fremrihvammar framar austan á móti, Nes rétt innan við húsið, Horn fyrir framan húsið, Torfurnar fyrir vestan Horn, Siðhamarstorfa, lækur austan við réttina, Réttarbrekkur suðvestan á móti, Réttarhúsar upp frá réttinni, Siðhamarshaus framan á móti upp af Siðhamarstorfu, Kistufell nyrst, Kurl strýtmyndaður háll norðan undir Eynni.

Norðan við Eyna eru Sandhólar og jökull, sem nefndir eru Jöklar eða Sandhólar, Niður við sandinn stutt austan við klofgil Selhellir, Stúka niður við sand nærri Selinu, tók 6 - 8 menn.

Hjörleifshöfði.

Sögn H. B. Suður Hvammi, áður bóndi í Hjörleifshöfða.

Í túni: Bitaberg beint vestur frá bænum, 2, Hvamur framan í Bitabergi, Brún og Brunngil framan í túninu, Landsuðurtorfa landsuður frá bænum, Miðrí Lágum niður frá húsinu, Túnbrekka austur og landnorður frá xxxxxx bænum, Reitur (tveggja sátu blettur) Mátti ekki slá hann. Jaðar, norðan við Sláttubrekkugil, Sláttubrekkugil milli túns og Sláttubrekku. Sláttubrekka, yfir 100 hesta slægja. Bæjarstaðarból, gott og stórt fjár ból, sem sagt í miðri brekku vestan til. Bæjarstaður, niður af þessu bóli niður við Sandinn. Kálfastandur, Kálfastandsból, vestan á móti vel laust frá sandinum. Miðbrekkur, Miðbrekkuhaus, Valgerðartorfur, mjög blásnar, Valgerðarhamrar, Fremri Hellrabrekka, Hellnabrekkuból, Innri Hellrabrekka, Norðvestur Skriður, (nafnlaust)

Norðaustur horni: Stórhellir, bezta fjárbólið í Hjörleifshöfða en á versta stað til afnota. Torfur, neðar og framar Stórhellir. (grastorfa). Grenbólsofanferð, Góða Mosaland, þar niður. Vonda Mosaland, Asaból neðan undir landsuður horni Höfðans. Austasta Urð, Stórurð, Guðnýjartorfa ( ber nafn göngu konu, sem Guðný hét og var úthýst í Hjörleifshöfða. Hún fanst svo dauð í þessari torfu, að gamalli sögn.-- Torfurnar eru framan á móti næstum þar sem Höfðann ber hæst. - Blöðkuvík, Bólgapi, Lásadrangsurð, Réttardalur, Vefjarból niður frá bænum vestan til, þar hafði Þórdís móðir Markúsar haft vefstað sinn. Lásastígur, sem farið er niður frá bænum og áður var mjólkin borin heim af stöðli. Lásadrangur, spottakorn frá Lásastíg niður á sandinum. Oddnýjarhvammur, Vestan við Vefjarból, sem var einnig fjárból síðar. Hjörleifsskemma, í suðvestur horni höfðans niður við sandinn. Klif, niður við sandinn þar liggur vegurinn að.

Nú farið í kringum Höfðann.

Nú uppi í Höfðanum.

Hjörleifshraun-( grafreiturinn) 9 x 10 ál. til jafnaðar 3½ alin. Landmælingamerki þar hjá.

Hjörleifsvarða, leiði Hjörleifs. Dalbotnar, norðan við Hjörleifshraun.

Austur í Horni, þ.e. landsuður horn Höfðans. Sauðafell, Hestatorfa, Háaból, til heyrir Norður Höfða sem kallað er. Hellrabrekkuskarð.

Hamrarnir:

Ritaberg áður talið, en út á Ritabergi uppi Stígshilla, Stígshillubrún- á föst við Lásastíg. Kattarhilla, niður af gamla bænum.

Stórsigin - Sig í landsuðurtorfunni. Stórsig einu nafni allt að Loftbásum, í þá eru loftsig ( 70 - 80 faðm. )

Eu Austast í Stórsigum eru Hjálmarsflár og ná austur að Horni. Bera nafn af Hjálmari Eiríkssyni, sem þar tók fílinn.

Hornbás,(stutt sig) Brýnnar, austan á móti ( stutt sig ) Langasig , austan á móti. Stuttasig, Langhilla.

Þá neðan undir nefndar einu nafni Lausagöngur og ná fram undir Básaból, þetta allt austan og sunnan. Hornhilla, framan á móti við landsuður hornið niður við sand. Austurhillur, Vesturhillur, þar upp af Guðnýjartorfur, Þórðarhilla. Vottur af fýl inn á Norður Höfða.

Eftir Eyjólfi Guðm- á Hvoli

ÖRNEFNASAFN